



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
b.t. Egils Þórarinssonar

Reykjavík, 1. desember, 2010.
Mál: USK2020070046

Efni:

Skipulagsstofnun hefur sent umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur til umsagnar tillögu Landsnets að matsáætlun framkvæmdarinnar „Lyklafellslína 1 og Ísallína 3 ásamt niðurrifi Hamraneslínu 1&2 og Ísallínu 1&2“. Skrifstofa umhverfisgæða vann umsögnina.

Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem felur í sér grundvallarbreytingar á flutningskerfi raforku í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem bæði felast í gerð nýrra raflína og niðurrifi annarra. Með niðurrifi Hamraneslínu 1&2 og Ísallínu 1&2 og byggingu Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3 færast flutningvirkin umtalsvert fjær byggð á höfuðborgarsvæðinu, það á ekki síst við um byggð og mikilvæg útivistarsvæði í Reykjavík.

Við mat á valkostum hefur bygging Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3 orðið fyrir valinu frekar en t.d. lagning jarðstrengja meðfram Bláfjallavegi eða nálægt byggð í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ. Þess vegna mun mat á umhverfisáhrifum ekki fjalla um þá valkosti.

Ólíkt hinum sveitarfélögunum sem leitað var umsagnar hjá, munu nýjar raflínur svo til ekkert liggja gegnum land í eigu borgarinnar. Einungis um 120 metra langur kafli af Lyklafellslínu 1 fer um svæði sem borgin á skammt vestan við Sandfell. Sökum þessa mun Reykjavíkurborg ekki þurfa að veita framkvæmdaleyfi fyrir byggingu línunnar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kemur hins vegar að veitingu starfsleyfis fyrir lagningu og niðurrifi innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins. Þess má geta að Heilbrigðiseftirlitið er einnig umsagnaraðili.

Niðurrif Hamraneslínu 1&2 mun hins vegar að stórum hluta eiga sér stað innan borgarmarka og því mun sá þáttur framkvæmdarinnar vega hvað þýngst í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Að því sögðu eru mikilvægir hagsmunir fyrir Reykjavíkurborg tengdir mögulegum umhverfisáhrifum við byggingu Lyklafellslínu 1. Í fyrsta lagi er áætlað að línan liggji um stóran hluta af grannsvæði vatnsverndarsvæðis í Heiðmörk og því hætta á að óhöpp tengd framkvæmdum geti haft áhrif á neysluvatn á svæðinu. Það mætti rökstyðja að fjalla hefði mátt um þá valkosti sem ekki fara inn á vatnsverndarsvæðið í umhverfismatinu þar sem mikilvægi vatnsverndarinnar vegur mjög þungt. Í öðru lagi getur línan haft áhrif á ásynd og útivistargildi svæðisins sem hún liggur um sem hefur áhrif á alla þá sem fara um og nota svæðið til útivistar, ekki síst íbúa Reykjavíkur. Þessi atriði verða því einnig ávörpuð í umsögninni.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs

Athygli vekur að í matsáætlun er lítið sem ekkert fjallað um þann hluta framkvæmdarinnar er varðar niðurrif núverandi línumannvirkja þ.m.t. Hamraneslínu 1&2 sem eru að hluta innan marka Reykjavíkurborgar. Á bls. 27 er stutt umfjöllun þar sem kemur fram að ekki liggji fyrir hugmyndir um valkosti um niðurrif, en að unnið verði að skoðun á mismunandi útfærslum við að afmá ummerki mastra og slóða m.t.t. þess að lágmarka áhrif á vatnsvernd. Einnig kemur fram að niðurrifið sé háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar og að unnið verði að starfsleyfisumsókn samhliða mati á umhverfisáhrifum. Verður greint frá þeirri vinnu og bestu lausn við niðurrif í frummatsskýrslunni.



Lítið er einnig fjallað um möguleg umhverfisáhrif við niðurrifið í kafla 7 um mat á umhverfisáhrifum. Þar er fyrst og fremst umfjöllun um áhrif af byggingu nýju rafmagnslínanna. Því er erfitt að leggja mat á hvernig tekið verði á umfjöllun um einstaka umhverfisþætti er tengjast niðurrifinu en væntanlega verður það skýrara í frummatsskýrslunni þegar framkvæmdaþátturinn er útskýrður betur.

Umfjöllun um aðalframkvæmdina, Lyklafellslínu, er ítarleg og vönduð í matsáætluninni. Stefnt er að því að skoða marga umhverfisþætti til hlítar og ekki er að sjá að neinn mikilvægan umhverfisþátt vanti. Þar sem framkvæmdin liggur nær alfarið utan lögsögu Reykjavíkur er ekki talin ástæða til að veita ítarlega umsögn um áætlað mat á einstökum umhverfisþáttum en umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur vill leggja áherslu á eftirfarandi:

- Ásýndaráhrif vegna loftlína eru alltaf umtalsverð og munu hafa áhrif á t.d. útivistargildi Heiðmerkur og Bláfjallasvæðisins. Jákvætt er að í skoðun sé að nota möstur sem falla betur inn í umhverfið. Niðurrif Hamraneslínu mun hafa mikil jákvæð áhrif á ásýnd Heiðmerkur og er þeim framkvæmdalið fagnað í ljósi þessa. Jákvætt er að ásýndaráhrif verða metin með ýmsum leiðum t.d. með því að telja fjölda heimila og útsýnisstaða þar sem línan verður sýnileg.
- Mesta raskið verður vegna umferð þungaflutningabíla á framkvæmdatíma og svo í kringum möstrin. Mjög mikilvægt er að staðið sé við þau áform um að hafa slóðagerð í lágmarki. Línan liggur að stórum hluta um hraun og viðkvæm gróðurlendi sem jafna sig seint eða ekki af beinu jarðraski.
- Mikilvægt er að skoða mótvægisáðgerðir gegn gróðurraski gaumgæfilega og gæta að því við uppgræðslu að notast sé við tegundir sem eru einkennandi fyrir umhverfið og ekki framandi ágengar tegundir.
- Mjög jákvætt er að Náttúrufræðistofnun Íslands muni vakta áhrif á jarðminjar því rask á hraunmyndunum er alltaf óafturkræft.
- Jákvætt er að sérstaklega verður rýnt áhrif á útivist og ferðaþjónustu.
- Möguleg áhrif framkvæmdar á vatnsvernd er afar veigamikil atriði fyrir Reykjavíkurborg þar sem framkvæmdin er innan vatnsverndarsvæða Höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur verður hluti af samráðshópi vegna mögulegra áhrifa á vatnsvernd og vísar umhverfis- og skipulagssvið á ábendingar í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins fyrir frekari umfjöllun. Í umsögn þeirra kemur m.a. fram að greina þyrfti ítarlega bæði bein áhrif ss. mengunarhættu sem og samfélagsleg og þjóðhagsleg áhrif þess ef vatnsból spillast vegna framkvæmda. Umhverfis- og skipulagssvið tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að slík umfjöllun væri sannarlega æskileg. Einnig er tekið undir með að fjalla mætti betur um áhrif zinkmengunar á neysluvatn.
- Stór hluti Lyklafellslínu verður innan friðlýsts svæðis, Bláfjallafólkvangs. Þar þurfa aðgerðir sem koma í veg fyrir eða bæta upp rask að vera sérstaklega vel ígrundaðar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur áskilur sér rétt að gera athugasemdir á síðari stigum.

f. h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,
Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri á skrifstofu umhverfisgæða.